



SNÆFELLSBÆR

Þar sem jökullinn ber við loft...

Matvælaráðuneytið
b.t. Jóns Þránís Stefánssonar
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Matvælaráðuneyti			
MAR 25 01 01 71			
Málal.		Ábm.	JDS
Mótt.	13.2.2025	Aðrir	
Aths.			

Snæfellsbær, 6. febrúar 2025

Tilv. bréfs 38807

Á fundi bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, þann 5. febrúar 2025, var tekið fyrir bréf ráðuneytisins, dags. 22. janúar 2025, varðandi úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga fiskveiðiárið 2024/2025.

Bæjarstjórn lýsir yfir miklum vonbrigðum með það að verið sé að skerða byggðakvótann í Snæfellsbæ á stórfelldan hátt. Snæfellsbær er sjávarútvegssamfélag þar sem fiskveiðar eru í gangi allt árið um kring. Bæjarstjórn Snæfellsbæjar þykir mjög sérstakt að byggðakvóta sé úthlutað til byggða þar sem sjávarútvegur er líttill sem enginn, á meðan Snæfellsbær, þar sem sjávarútvegur er stundaður á heilsársgrundvelli, fær engu úthlutað.

Á fiskveiðiárinu 2013/2014 var 735 tonnum úthlutað til Snæfellsbæjar, en á fiskveiðiárinu 2024-2025 er ekki einu einasta tonni úthlutað til sveitarfélagsins. Jafnframt er línuívilnun komin niður í 800 tonn af þorski úr nokkrum þúsunda tonna.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt
f.h. bæjarstjórnar Snæfellsbæjar

Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

